

# [ELDVARNNA] bandalagið

Til fjölmiðla

Kópavogi, 12. september 2011

## Átak til að efla eldvarnir á vinnustöðum og heimilum

Eldvarnabandalagið hefur ákveðið að hefja átak til þess að efla eldvarnir fyrirtækja um allt land og jafnframt á heimilum starfsmanna. Stuðlað verður að því að fyrirtæki taki upp eigið eftirlit með eldvörnum og að starfsmenn verði virkir þátttakendur í eldvörnum, bæði á vinnustaðnum og heima. Eignatjón vegna eldsvoða nemur að jafnaði um 1.500 milljónum króna ár hvert. Fólk lætur reglulega lífið í eldsvoðum og margir verða fyrir heilsutjóni.

Að Eldvarnabandalaginu stendur öflugur hópur stofnana, félagasamtaka og tryggingafélaga sem hafa það sameiginlega markmið að auka eldvarnir til þess að draga úr tjóni á lífi, heilsu og eignum. Bandalagið var stofnað 2010 og gaf þá út vandað fræðsluefni um eldvarnir heimila sem síðan hefur fengið víðtæka dreifingu.

Fyrirtæki eiga von á því að fá heimsóknir slökkviliða og tryggingafélaga. Þeim verður afhent kynningar- og fræðsluefni um eigið eldvarnaeftirlit sem fyrirtækjum ber að halda uppi samkvæmt lögum. Starfsmenn fyrirtækjanna fá þá jafnframt fræðslu um eldvarnir á vinnustaðnum jafnt sem heima fyrir. Starfsmönnum verður meðal annars afhent handbók heimilisins um eldvarnir, sem Eldvarnabandalagið gaf út í fyrra.

Aðild að Eldvarnabandalaginu eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Mannvirkjastofnun, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sjóvá-Almennar tryggingar, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM, VÍS og Vörður tryggingar.

*Nánari upplýsingar og viðtöl:*

Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, í síma 824 5165

*Meðfylgjandi mynd:*

Aðilar að Eldvarnabandalaginu hafa gert samkomulag um að efna til átaks til að bæta eldvarnir á vinnustöðum og heimilum fólks.